

Alþingi
Erindi nr. P 143/1646
komudagur 23.4.2014

Reykjavík 23. apríl 2014

Nýja Lausnin fjölskyldumiðstöð.

Síðumúla 13, 108 Reykjavík.
Sími 517-3338

Varðar tillögu til þingsályktunar um mótun stefnu til að draga úr skaðlegum afleiðingum og hliðarverkunum vímuefnaneyslu, til verndar neytendum efnanna, aðstandendum þeirra og samfélaginu í heild.

Nýja Lausnin lýsir yfir ánægju með þessa þingsályktunar tillögu. Kominn er tími til að viðurkenna að stefna síðustu áratuga hefur ekki borið þann árangur sem vænst var.

Varðandi verkefni starfshópsins má segja eftirfarandi:

- A.** *Úttekt á lagaumhverfi og afmörkun verkefnisins þá er það í höndum nefndarinnar.*
- B.** *Líta til löggjafar annarra ríkja er einnig vinna í höndum nefndarinnar og mjög mikilvægt að nota reynslu þeirra sem hafa áður farið þessa leið í forvörnum gegn vímuefnaneyslu.*
- C.** *Skapa heildræna stefnu sem leggur höfuðáherslu á mannúðlega nálgun og vernd mannréttinda. Draga úr skaðlegum afleiðingum og hliðarverkunum vímuefnaneyslu.*

Varðandi **lið C.** Þá hefur Nýja Lausnin ýmsar hugmyndir um nálgun. Við sjáum vandann varðandi vaxandi neyslu og yngra fólk sem fellur fyrir vímuefnum.

Lið II. Öll markmiðin sem talin eru hér upp eru brýn og í þeim er engin uppgjöf heldur viðurkenningu á staðreyndum.

Lið III. Tímabært er að viðurkenna að ríkjandi stefna sem var mörkuð fyrir rúmum 50 árum hefur liðið sitt skeið á enda án þess að það hefur áunnist sem ætlað var.

Að vinna af festu í málum dagsins í dag er nauðsynlegt. Ríkjandi refsistefna er löngu hætt að skila árangri. Hún er aðeins skaðleg eins og hún er framkvæmd í dag. Hefur alvarleg áhrif á neytendur og fjölskyldur þeirra. Ýtir fíklunum og fjölskyldunni út á jaðar samfélagsins þar sem enga hjálp er að fá. Það sem fylgir þessu er svo að fíklar fá ekki heilbrigðisaðstoð og fjölskyldur þeirra enga aðstoð við að vinna í sínum málum.

Lið IV. Hér verður farið misjafnlega ýtarlega í viðkomandi liði eftir sérþekkingu Nýju Lausnarinnar.

1. Afnáam refsingar fyrir vörslu á neysluskömmtum er sjálfsagt að taka alvarlega til athugunar sérstaklega þegar skoðuð er reynsla ríkja sem þegar hafa framkvæmt þetta og raunin meir en góð.

2. Að finna leiðir til að tryggja vernd fyrir þolendur eru löngu tímabært. Mikilvægt er að auka aðstöðu fyrir þá sem minna mega sín á öllum aldurstigum. Við teljum einnig ljóst að mikilvægast

er að tryggja börnum heilbriggt og stöðugt uppeldi. Uppeldið er mikilvægasti þátturinn í ferli barns til fullorðins einstaklings.

Hverjir verða fíkninni að bráð? Eru það aðeins þeir sem hafa ákveðin gen eða hefur það með getu einstaklingsins til að takast á við þau verkefni sem við fáum í lífinu.

Í meðvirknifræðum er lítið svo á að meðvirkni verði ávallt til í æsku. Hún verður til þegar uppeldis aðferðir eða aðstæður á heimilinu eru barninu sársaukafullar. Barnið hefur í eðli sínu lítið varnarkerfi fram að unglingsárum. Er því algjörlega háð forráðamönnum sínum um að vera varið fyrir utan að komandi hættum að því sé kenndar reglur, hvað beri að óttast og að barnið fái stuðning þegar á móti blæs í lífi þess.

Annað sem ber að hafa í huga og er vísindalega stutt er að einstaklingurinn hefur mestan hæfileika til að læra fyrstu átta árin. Hér komum við aftur að því að það hlýtur að skipta meginmáli hvaða aðstæður einstaklingnum er boðið upp á fyrstu ævíárin. Ef foreldrar búa við þekkingarskort varðandi uppeldi, eiga í erfiðleikum andlega, félagslega, fjárhaldslega, tilfinningalega eða í eigin sambandi er barnið í skaðlegu umhverfi. Einnig ef foreldrar búa við meðvirkni, fíknir eða geðraskanir. Allir þessir þættir og ýmislegt fleira orsaka sársauka hjá litlu barni sem gerir það að verkum að barnið fer að aðlaga sig aðstæðum til að minnka sársauka sinn. Barnið hefur því ekki frelsi til að vera það sjálft heldur fer að tileinka sér það sem umhverfið krefur það um. Þessar breytingar köllum við meðvirkni.

Þessi skekkja sjálfins sem verður til á þessum fyrstu árum barnsins hefur alvarlegar afleiðingar í för með sér. Lífið verður barátta við að fela eigið sjálf og vera það sem umhverfið krefst til að lífa af. Þessi skekkja veldur andlegum sársauka sem birtist í feimni, óframfærni, kvíða, ótta, minnimáttarkennd, óöryggi, stjórnsemi, fullkomnunaráráttu, reiði, gremju, ofbeldishegðun ofl. Við þessar aðstæður skerðist sjálfstraust og sjálfsþekking og barnið þroskast ekki eðlilega.

Við erum hér að horfa á upphafið hjá þeim sem munu síðar á ævinni eiga við hegðunar-geð og/eða fíknivandamál að stríða. Því það er þekkt að þeir sem flýja í fíkniefni eða aðrar fíknir eru að flýja sársaukann sem býr innra með þeim.

3. Úttekt á úrræðum til skaðaminnkunar og tillögur til úrbóta er sjálfsgt mál. Hér er einnig mikilvægt að styðja við fjölskyldur sem eiga við vanvirkar heimilisaðstæður að etja. Ef veikir einstaklingur er á heimilinu t.d. með geðraskanir eða hegðunarvanda er hættu á að aðrir gleymist og verði að sjá um sig sjálfir. Þetta getur leitt til vanda á unglings- fullorðinsárum og leitt einstaklinginn út í neyslu.

4. Úttekt á meðferðarúrræðum og tillögur til úrbóta er eðlileg og sjálfsgöð.

Varðandi úrbætur þarf að hafa í huga heildræna meðferð viðkomandi einstaklings. Að meðferðarúrræðið taki á núverandi bráðavanda og einnig skoði hvaðan grunnvandinn kemur og vinna í honum. Þar af leiðandi verður að auka breiddina í úrræðum og opna á að fleiri komi að meðferð vímuefnaneytandans og foreldra og annarra aðstandenda sem veikst hafa af viðvarandi vanvirku ástandi.

Ísland stendur á tímamótum í dag. Fjölskylduhyggjan er að mörgu leyti að líða sitt skeið á enda og einstaklingshyggjan að taka við. Það sem einkenndi fjölskylduhyggjuna var að oft var lítill sem

enginn fókus á einstaklinginn. Einstaklingurinn vann að því að vera hluti af fjölskylduheild og lærði því ekki á sínar eigin þarfir sínar langanir og þrár. Tilfinningar, tilfinningalæsi og tilfinningagreind var óþekkt fyrirbrygði og sama má segja um sjálfsvirðingu, sjálfstraust og sjálfþekkingu, allt hugtök sem skilgreina mikilvæga þætti í heilbrigðu lífi í dag.

Í dag er talað um mikilvægi sjálfþekkingar, að þekkja eigin tilfinningar þarfir og þrár. Að setja súrefnisgrímuna fyrst á sjálfan sig og svo á barnið er kennt ef súrefnisskortur verður í flugvélum. Þetta segir okkur margt um nauðsyn þess að vera með öflugla fullorðins fræðslu.

Tilfinningaleg vanþekking fullorðinna hefur áhrif á uppeldi barna okkar og við náum ekki að sinna þörfum þeirra. Þetta hefur áhrif á samskiptagetu og verður oft algengur þáttur í hjónaerfiðleikum og skilnuðum. Án efa er tilfinningaleg vanþekking ein aðal ástæða þess að börn, unglingar og fullorðnir leita eftir flóttaleiðum frá sársaukanum og vanmættinum í þá t.d. áfengi, vímuefni eða aðrar þekktar fíknir.

5. Gerð úttektar á félagslegri þjónustu fyrir vímuefnanotendur og tillögur til úrbóta er brýnt verkefni. Í dag virðist sem neytendur séu settir út á jaðarinn annaðhvort án aðstoðar eða á fjárhagsaðstoð sveitarfélagsins. Án þess að frekar sé skoðuð þörfin á annarri aðstoð til að breyta um lífsstíl og eignast nýtt líf án vímuefna. Ef slíkt er ekki skoðað er hætta á að við séum aðeins að viðhalda fíkníástandinu um langa framtíð.

6. Lítil sem engin aðstoð virðist vera við aðstandendur fíkla og standa aðstandendur líka úti á jaðri samfélagslegrar aðstoðar.

7. Upplýsingagjöf og ráðgjöf almennt hefur verið af skornum skammti og brýnt að efla hana.

8. Leiðir til forvarna og upplýstrar umræðu er ef til vill leið sem ásamt lið 7. Nýja Lausnin mun fjalla aðallega um í þessu svari.

Í flestum þessara leiða hér að ofan er verið að fjalla um málefnið þegar skaðinn er skeður og vandamálin að hrannast upp hjá neytendum og aðstandendum.

Allar úttektir eru nauðsynlegar þannig að hægt sé fyrir nefndina að taka upplýsta ákvörðun. En að mati Nýju Lausnarinnar er þörf á stefnubreytingu í forvörnum og aðstoð við neytendur og aðstandendur dagsins í dag.

Til þess að þetta mál sé leitt farsælega áfram er brýnt að vinna á báðum endum. Til að ekki komi nýir neytendur til skjalanna eru forvarnir aðalmálið. Hér erum við að tala um hvorutveggja börn, unglinga og foreldra eða aðra uppástandendur. Fræðsla fyrir foreldra og kennara eru eitt aðalforvarnarmálið ásamt fræðslu beint til barna og unglinga.

Samfélagið hefur verið meðvirkt og hefur helst ekki viljað sjá eða viðurkenna hrikalegar afleiðingar neyslu og neytendurna og fjölskyldur þeirra. Fórnarkostnaður þessarar afneitunar hefur haft skaðleg áhrif líf of margra einstaklinga og ómældan sársauka á aðstandenda þeirra. Fólk hefur verið sent frá einum aðila til næsta og engin heildræn varanleg lausn verið í boði. Einnig má minna á þau fjölmörgu dæmi þar sem viðkomandi neytandi er of veikur t.d. með margar greiningar ásamt neyslunni og þá er ekkert úrræði til sem tekur á málum hans.

Hin nýja leið:Nýja Lausnin lítur svo á, eins og hér að ofan er nefnt, að rót vandans liggir í æsku hvers einstaklings og hann sé að mestu leiti andlegur og tilfinningarlegur. Hvort sem um fíkil eða meðvirkan einstakling sé að ræða. Á einföldu máli mætti segja, orsök þess að einstaklingur leitar í flóttaleiðir eins og fíkniefni er getuleysi til að takast á við hin ýmsu verkefni lífsins, vandinn er andlegur og veldur sársauka sem er orsök og fíknin er því afleiðing. Fyrir aðstandanda er orsökinn einnig getuleysi til að takast á við lífið á eðlilegan hátt, orsökinn er sársauki en afleiðingin er undirgefni, lítil sjálfsvirðing, stjórnsemi, afneitun, raunveruleikafloitti.

Við hjá Nýju Lausninni, teljum því mikilvægt, til að forða börnum, unglingum eða öðrum frá því að lenda í tilfinningarlegri og andlegri óreiðu þá sé nauðsynlegt að efla allar forvarnir, ekki síst hvað varðar andlegar afleiðingar vanvirks uppeldis á börn og unglunga og fræðslu fyrir alla hlutaðeigandi. Nauðsynlegt er að gera allt til að byrgja brunninn áður en barnið dettur ofan í !

Fræðsla í skólum sem snýst um hver og hvað við erum sem manneskjur. Fræðsla um rétt okkar til tilfinninga, að vera ófullkomin, að vera elskuð eins og við erum ekki eins og aðrir vilja að við séum. Rétt okkar til að setja mörk og rétt okkar til lífsins á okkar forsendum er grunnstoð í uppbyggingu á góðri sjálfsvirðingu og sjálfstrausti.

Þessi góða sjálfsvirðing og gott sjálfstraust er svo grunnurinn að því að geta seinna sagt nei við fíkniefnum og öðrum hugbreytandi efnum, að hafa ekki þörf til þess að flýja heldur hafa trú og getu til að takast á við erfiðleika, uppákomur, sorg og áföll.

Við vitum að upptækt magn vímuefna hefur ekki gefið rétta mynd af ástandinu. Það hefur aukist í takt við magn sem er gert upptækt og neysla færst neðar og neðar í aldri. Að refsa veiku fólki eins og vímuefnaneytendum með fangelsisvist getur ekki verið farsæl lausn. Okkur ber að sjálfsögðu að veita viðkomandi hjálp í heilbrigðiskerfinu. Og refsa þeim sem útvega og selja viðkomandi efni.

Að byrja í neyslu 12-13 ára og hætta um 20 ára og fá aðstoð við að verða edrú er eitt. Að vera edrú áfram er allt annað og erfiðara fyrir þennan hóp. Þegar viðkomandi hættir er hann/hún 12-13 ára í þroska og þarf ásamt vinnu við edrúlífið að fá séraðstoð við að vinna upp tapaðan þroska þessara milliára. Án markvissar hjálpar mun viðkomandi vera í stöðugri hættu á að falla aftur í neyslu vegna þess að getuleysið, þroskaleysið og sársaukinn er yfirþyrmandi þegar fyrstu edrú skrefin eru tekin og því ekkert eðlilegra en að leita aftur í flóttaleiðina sem fíkillin þekkir svo vel. Og ekki bætir það stöðuna ef viðkomandi fær fangelsisdóm eða sektarrefsingu sem þarf að taka út í, aukning á sársauka, og getuleysi til að takast á við hið daglega líf, stað þess að fá hjálp til þess að heila grunn vandann.

Í dag hefur ungt fólk á í raun engan samastað með sín mál, eftirmeðferð, stuðningur út í lífið, þar sem heildrænt er tekið á þeim. Þessu verður að breyta.

Aðstoð og fræðsla til foreldra er í skötulíki ef hægt er að segja að hún sé til. Þessu verður að breyta.

Þá er komið aftur að fræðslu til barna, unglunga og foreldra frá því að skólaganga byrjar. Hún er nánast engin í dag.

Niðurstaða:

Í dag verður að veita vímuefnaneytendum heilðræna faglega aðstoð ásamt fræðslu til aðstandenda. Vinnu í vanda dagsins ásamt að fara í vinnu með grunnástæður vandans sem liggur að okkar mati í æsku hvers og eins.

Um leið verðum við að hefja markvissa fræðslu, forvarnarvinnu í skólum um lífið í allri sinni mynd, ásamt fræðslu til foreldra og aðra uppalendur.

Að efla góða sjálfsþekkingu, sjálfsvirðingu og gott sjálfstraust einstaklingsins er leið okkar út úr vímuefnavandanum. Að vinna og styrkja viðkomandi þannig að fortíðar sársaukinn verði ekki það sterka afl í lífi viðkomandi að hann þurfi á skyndilausnum að halda heldur hafi getu og styrk til að leita lausna. Að geta sagt: „Nei, ég þarf ekki á þessari gerfi- og augnabliks vellíðan sem vímuefni gefur að halda. Mér líður þegar vel í eigin skinni.“

En þessi vinna er ferðalag og hefst með einu skrefi eins og t.d. með þessari Þingsályktunar- tillögu.

Virðingarfyllt f. h.

Nýju Lausnarinnar fjölskyldumiðstöðvar

Kjartan Pálmason
Framkvæmdastjóri